

# Skýrsla ritstjóra Tölvumála fyrir árið 2009

---

Fundarstjóri, virðulega samkoma.

Störf ritstjórnar gengu ágætlega á síðasta ári og hélt ritstjórnin 13 fundi þar sem starfsmenn skrifstofunnar sátu með okkur í efnisvinnu.

Á árinu kom út eitt tölublað af Tölvumálum og var það helgað nýsköpun og sprotafyrirtækjum á sviði upplýsingatækni. Voru viðtökur mjög og vil ég nota tækifærið og þakka þeim sem skrifuðu greinar í blaðið.

Talsverður áhugi hefur verið á því að skrifa í blaðið og góð viðbrögð lesenda sýna að mikil þörf er fyrir tímarit af þessu tagi. En tímaritið er í stöðugri þróun eins og annað starf félagsins. Fyrir nokkru síðan var boðið upp á tvær nýjungar varðandi greinaskrif, annars vegar sérstakan flokk ritrýndra greina og hins vegar birtingu greina úr Tölvumálum í evrópska tímaritinu Upgrade. Það er skemmst frá að segja að greinarhöfundar hafa sýnt því lítinn áhuga að nýta sér þessar nýjungar, en þær verða þó áfram í boði enn um sinn.

Undirritaður hefur verið ritstjóri í 3 ár og gefur kost á sér áfram. Auk hans var ritstjórn ársins skipuð Ásrúnu Matthíasdóttur, Ágústi Valgeirssyni, Júlíu Pálmadóttur Sighvats og Elínu Gränz. Vil ég þakka þeim öllum gott framlag til blaðsins, og ekki síst Júlíu og Elínu sem báðar þurfa að hætta í ritstjórninni vegna barneigna. Áriðandi er að nýir kraftar komi inn í ritstjórnina til að fylla skarð þeirra.

Ljóst er að þar sem ritstjórnarmeðlimir eru í þessu af áhuga einum saman þarf að vera með mjög skýran fókus. Til skamms tíma aflaði ritstjórn jafnframt greinastúfa sem birtust á vef félagsins, en núverandi ritstjórn lítur á það sem sitt meginhlutverk að koma út vönduðu blaði, helst tveimur á ári. Skýrslutæknifélag Íslands er afar öflugt og nauðsynlegt félag í íslensku samfélagi og Tölvumál mikilvægur hluti þess, en um er að ræða eina óháða fagtímaritið um upplýsingatækni hér á landi.

Útgáfukostnaður blaðsins hefur vaxið sumum í augum, einkum þar sem oft hefur gengið illa að afla auglýsingatekna. Með samstilltu átaki ritnefndar, starfsmanna og stjórnar félagsins, ásamt góðum undirtektum auglýsenda, tókst þó að fjármagna útgáfu eins blaðs á síðasta ári. Fór þar betur en á horfðist, sem sýnir okkur að blaðið nýtur enn mikillar velvildar.

Sérstaða Tölvumála felst í því að vera málefnalegur vettvangur umræðu um upplýsingatækni. Hvergi má þó slaka á til að halda þessari ímynd á lofti, og skora ég því á félagsmenn að taka þátt í störfum ritnefndar, halda áfram að skrifa greinar í blaðið og aðstoða við fjáröflun til útgáfunnar. Með fyrirfram þökk.

Þorvarður Kári Ólafsson